

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
***Erindi nr. P 141/1368***  
***komudagur 6.2.2013***

Reykjavík, 06.02.2013  
Tilvísun vor: 00.11

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um jöfnun húshitunarkostnaðar og flutningskostnaðar á raforku á landsvísu, 81. mál.**


Að beiðni nefndasviðs Alþingis hefur Landsvirkjun fjallað um tillögu til þingsályktunar um jöfnun húshitunarkostnaðar og flutningskostnaðar á raforku á landsvísu sem lagt hefur verið fyrir á 141. löggjafarþingi 2012 – 2013.

Landsvirkjun telur ekki skynsamlegt að jafna húshitunarkostnað eða raforkukostnað á landsvísu eins og lagt er til. Niðurgreiðslur og millifærslur skekkja verðvitund neytenda og leiða til óskynsamlegrar nýtingar orkuauðlinda. Með því væri dregið verulega úr hvata til að spara orku og þörf fyrir aukna orkuöflun aukin.

Landsvirkjun telur að ef Alþingi ákveður að jafna orkukostnað með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir beri að fara með það sem hverja aðra félagslega aðgerð sem ríkið aflar tekna til með almennum sköttum og jafnframt óskynsamlegt að taka upp sérstakt jöfnunargjald á raforku eins og lagt er til. Auk þess sem fram kemur í 1. mgr. er ástæða til að vekja athygli á því að álagning og innheimta gjalds sem þessa væri flókin í framkvæmd og reynslan sýnir að þrýstingur mun skapast hjá litlum orkufyrirtækjum til að losna undan slíku gjaldi og sama mun eiga við hjá notendum sem búa við alþjóðlega samkeppni.

Loks skal minnt á að um árabíl var lagt verðgjöfnunargjald á raforkusölu. Það gjald var fellt úr gildi þann 1. mars 1986 í tengslum við kjarasamninga vegna mikillar gagnrýni á kerfið og neikvæðra afleiðinga sem það hafi. Forsendur til gjaldtöku eru að mati Landsvirkjunar minni í dag en þær voru fyrir aldarfjórðungi þegar ákveðið var að hætta henni.

Virðingarfyllst



Hörður Arnarson  
forstjóri